

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

MINNISBLAÐ

Í kjölfar málþings um sérúrræði og nemendur með sérþarfir

Minnisblað þetta kemur í kjölfar málþings um sérúrræði í grunnskólum og nemendur með sérþarfir sem haldið var föstudaginn 27. janúar 2017 í samræmi við ákvarðanir fræðsluráðs. Fræðsluráð hafði samþykkt tillögu að skipulagi og inntaki málþingsins í nóvember 2016 og tók þátt í frekari umræðu um framkvæmdina í byrjun janúar 2017 sem unnið var eftir. Málþingskynning fór fram í gegnum dreifibréf (sjá viðauka minnisblaðs), vef bæjarins og tölvupósti til allra starfsmanna grunnskólanna og foreldra sömuleiðis í gegnum tölvupóstkerfi skólanna. Alls skráðu sig á málþingið tæplega 150 manns en þátttaka var eitthvað minni. Framkvæmd málþingsins fór fram samkvæmt dagskrá. Rétt fyrir upphaf málþingsins kom tilboð um upptöku þess sem ákveðið var að taka. Fræðsluráðs ákveður hvort að erindi frá málþingi verða gerð opinber (með samþykki flytjenda sem flestir hafa samþykkt nú þegar) með vefbirtingu (í gegnum vefinn netsamfelag.is) sem yrði þá auglýst sérstaklega.

1. Í framhaldi málþings

Fræðsluráð ákveður næstu skref. Fræðslusvið mun taka saman samantekt/greinargerð fyrir fræðsluráð sem inniheldur m.a.:

- Kynningu á málþingi og samantekt umræðna.
- Ábendingar sem komið hafa til fræðsluráðs og birtar í heild sinni saman.
- Viðbrögð starfshóps við athugasemdum/ábendingum sem tillögur hans hafa fengið.

Í framhaldi slíkrar samantektar/greinargerðar væri viðfangsefnið aftur komið til fræðsluráðs sem ákveddi síðan frekari vinnslu þessa máls.

2. Önnur sjónarmið

- Málefni nemenda með sérþarfir eru víða í umræðunni. Þannig má benda á að sérstakur samráðshópur verður settur á laggirnar milli fjölskylduþjónustu og fræðslu- og frístundaþjónustu um það hvernig megi auka enn frekar samhæfni, samvinnu og samstarf í þjónustu við börn þar sem verkefni sviðanna skarast (á t.d. við um barnaverndarmál, fötlunarmál, forvarnir o.fl).
- Einnig hefur átt sér stað samræða milli fræðslu- og frístundaþjónustunnar og heilsugæslunnar um snertifleti í þeirra samstarfi, þ.e. um geðheilbrigðismál barna.
- Sömuleiðis má benda á að málefni nemenda með sérþarfir eru hluti af vinnu og umræðu í starfshópi um starfsaðstæður kennara þar sem kennsluáðstæður og þjónustu við nemendur með sérþarfir eru hluti af starfsskyldum kennara.
- Auk þess stefnir sviðsstjóri á að heimsækja hvern og einn grunnskóla og skoða hvernig stuðningi við nemendur með sérþarfir er háttað innan hvers skóla fyrir sig.

Virðingarfyllst,


Fanney Dórothe Halldórsdóttir, sviðsstjóri



HAFNARFJÖRÐUR

VIÐAUKI: Dreifibréf málþings



MÁLÞING UM SÉRÚRRÆÐI Í GRUNNSKÓLUM OG NEMENDUR MEÐ SÉRÞARFIR

Föstudaginn 27. janúar 2017 í Hásölum (safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju)

- KI. 13.30 Setning**
Rósa Guðbjartsdóttir, formaður fræðsluráðs Hafnarfjarðar
- KI. 13.40 Kennarar í skóla án aðgreiningar?**
Trausti Þorsteinsson, fyrrverandi fræðslustjóri Akureyrar
- KI. 14.05 Menntun og mannréttindi barna**
Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna
- KI. 14.25 Kynning á tillögum starfshóps um sérúrræði í grunnskólum Hafnarfjarðar**
Fulltrúar frá starfshópnum
- KI. 14.45 Kaffihlé**
- KI. 15.05 Sjónarmið nemenda, foreldra, kennara og skólastjórnenda**
- KI. 15.45 Vinnuhópar**
- KI. 16.30 Kynning á umræðu í vinnuhópum og skil vinnuhópagagna**
- KI. 16.55 Málþingsslit**
Fanney D. Halldórsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar
- KI. 17.00 Málþingslok**

Fundarstjóri málþings er Helgi Arnarson, fræðslustjóri Reykjanesbæjar

Nánari upplýsingar veitir Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi á skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar. Skráning á málþingið á vigfus@hafnarfjordur.is.

Skráningarfrestur til þriðjudagsins 24. janúar.

HAFNARFJARÐARBÆR
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

585 5500
hafnarfjordur.is





HAFNARFJÖRÐUR